



Könnun vegna kjarasamninga: Hækkum launin, meira atvinnuöryggi!

■ Spánn 2004

■ Orlofsávísun 2004

■ Réttindi í desember



Berjumst fyrir atvinnuöryggi

Það er flestum tilhlökkunarefni þegar líða tekur á desembermánuð því það eru ekki bara börnin sem bíða spennit eftir því að jólahátiðin gangi í garð. Erill og spenna einkenna þjóðfélagið og ilmur jólanna liggur í loftinu. Álag á verslunar-menn er alltaf mikið um þetta leyti árs vegna lengri afgreiðslutíma og vil ég hvetja verslunareigendur til að gæta þess að starfsmenn fái nauðsynlega hvíld og okkur neytendur að sýna verslunarfólk virðingu á þessum annasama tíma. En þetta er einnig erfiður tímí fyrir fleiri. Væntingar til jólanna aukast ár frá ári og fyrir þá sem eru án atvinnu er erfitt að uppfylla þær, en eitt þúsund félagsmenn VR voru skráðir atvinnulausir um síðustu mánaðamót.

Framundan eru kjarasamningar og erum við að leggja síðustu hönd á kröfugerðina. En aðstæður í þjóðfélaginu við upphaf þessarar samningalotu eru gerólikar því sem við höfum áður kynnst. Stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi setja þrýsting á efnahagslífið og enn er alls óvist hvaða áhrif þær munu hafa til lengri tíma litið. Ljóst er þó að þrýstingur er á gengi krónunnar og ekkert bendir til þess að vextir muni lækka. Umgjörð efnahagsmála hér á landi svipar æ meira til þess sem gerist í nágrannalöndum okkar, þar sem atvinnustigið virðist vera taka við af verðbólgunni sem afgangsstærðin í efnahagslífinu, og til þess verðum við að líta þegar við setjumst að samningaborðinu.

Samkvæmt nýrri viðhorfskönnum sem Gallup gerði fyrir VR, og fjallað er um í þessu blaði, gera félagsmenn þá kröfu að meginþunginn verði á að hækka launin í næstu samningum, sérstaklega þau lægstu. Stöðugleiki er þeim mikilvægur og vilja þeir að áhersla verði lögð á að verja kaupmáttinn með því að halda verðbólgunni í skefjum. Atvinnuöryggi er félagsmönnum einnig ofarlega í huga en því miður bendir margt til þess að atvinnuleysi um og yfir 2,5% sé að festa sig í sessi hér landi til frambúðar. Eitt áhersluatriða stéttarfélags eins og VR er að berjast fyrir auknu atvinnuöryggi félagsmanna sinna og munum við halda þeirri baráttu ótrauð áfram við gerð næstu samninga.

Sá tímí sem nú fer í hönd er tímí samvista við fjölskyldu og ástvini. En hugum einnig að þeim sem minna mega sín og eiga erfitt um þessi jól. Ég óska félagsmönnum öllum gleðilegra jóla og farseldar á komandi ári. ■

GPP

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur - Húsi verslunarinnar - 103 Reykjavík - sími 510 1700 - netfang vr@vr.is - veffang www.vr.is
Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritstjóri: Anna Björg Siggeirs dóttir Umbrot og Útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Prentun: Oddi.

Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Edda Kjartansdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfusson, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson, Valdís Haraldsdóttir. Varamenn: Jón Magnússon, Margrét Torfadóttir, Þorlákur Jóhannesson.

Stjórn Orlofssjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Sigrún Baldursdóttir, Sigurður Sigfusson, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson.

Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Stefanía Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR: Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir, Sigurður Sigfusson.

Nýársfundur

VR boðar til félagsfundar vegna undirbúnings kröfugerðar fyrir komandi kjarasamninga.

Fundurinn verður haldinn á Nordica hótel þann 15. janúar 2004 og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:

Staða efnahagsmála og viðhorf félagsmanna við upphaf kjarasamninga.

Kröfugerð fyrir næstu kjarasamninga.

Fundurinn verður sameiginlegur með Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna.

Augnablik...



VR og VA sameinast



Gunnar Pál Pálsson formaður VR og Júníu Þorkelsdóttir formaður VA

Sameining VR og Verslunarmannafélags Akraness var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í póstkosningu meðal félagsmanna í nóvember sl. en 96,7% þeirra sem töku þátt sögðu já. Félagsmenn VR höfðu þegar samþykkt sameininguna á aðalfundi fyrr á þessu ári. Tvo þriðju atkvæða þurfti í kosningunum meðal félagsmanna VA til að samþykkja sameininguna. Níutíu greiddu atvæði og af þeim sögðu 87 eða 96,7% já en þrír sögðu nei eða 3,3%.

VR og VA hófu samstarf fyrir tveimur árum með það fyrir augum að félögini sameinuðust, væri til þess vilji félagsmanna beggja. Júníu Þorkelsdóttir, formaður VA, segir niðurstöðu kosninganna mikið ánægjuefni. Það sé mikilvægt að fá afgerandi staðfestingu á vilja félagsmanna og stuðning við þá ákvörðun sem tekin var fyrir tveimur árum.

Félagsmenn leggja áherslu á hækjun lægstu launa

Helmingur félagsmanna telur kjör sín hafa batnað frá árinu 2000 og þriðji hver telur þau svipuð, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar



Verkfallsverðir loka kjötverslun Tómasar Jónssonar á Laugavegi 2 árið 1963

Sex af hverjum tíu félagsmönnum VR vilja að megináhersla verði lögð á hækjun launa í næstu kjarasamningum, samkvæmt niðurstöðum nýrrar viðhorfskönnunar sem Gallup gerði fyrir VR. Könnunin er liður í undirbúningi VR fyrir endurnýjun kjarasamninga en þeir eru lausir í vor. Hún náði til rúmlega fimmtán hundruð félagsmanna í október og nóvember og var svarhlutfall 66%.

Ljóst er að félagsmenn vilja leggja þunga áherslu á hækjun launa en 64% þáttakenda í könnuninni nefndu launahækjun þegar þeir voru spurðir hvað félagið ætti að leggja megináherslu á í komandi kjarasamningsviðræðum. Þegar þátttakendur voru beðnir að forgangusraða áhersluatriðum sagði fjórðungur mestu skipta að hækka lægstu launin en einn af hverjum fimm að lækka skatta. Þá sögðu rúmlega 16% að það skipti máli að VR legði áherslu á að tryggja atvinnu og vinna gegn atvinnuleysi. Helmingur aðspurðra sagðist fremur vilja prósentuhækjun launa en krónutöluhækjun. Þegar þátttakendur voru spurðir nánar um hversu miklu máli skipti að þeirra mati að leggja áherslu á hækjun lágmarks-launa sögðu yfir 90% það skipta fremur eða mjög miklu máli. Sama hlutfall telur jafnframt mikilvægt að verja kaupmáttinn.

Hvað skiptir mestu máli að stéttarfélagið leggi áherslu á?



Fjórir af hverjum tíu tilbúnir í verfall

Annar hver þátttakandi í könnuninni eða 53% sagðist ánægður með þá áherslu sem VR hefur lagt á markaðslaun og er ánægjan meiri eftir því sem tekjurnar eru hærri. VR samdi í síðustu kjarasamningum um markaðslaun en innan við 4% félagsmanna taka laun samkvæmt taxta. Taeplega fjórir af hverjum tíu félagsmönnum eða 37% eru tilbúnir í verfall ef ekki semst, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, þeir yngri frekar en þeir sem eldri eru. Þegar þátttakendur voru beðnir að meta stöðu sína í dag miðað við árið 2000 sögðu 46% kjör sín vera betri núna en 38% sögðu að þau væru svipuð. Fleiri karlar en konur töldu stöðu sína betri nú en árið 2000 eða 56% á móti 42%. Yngri félagsmenn eru ánægðari en þeir eldri og ánægjan eykst eftir því sem menntunin er meiri og fjölskyldutekjur hærri.


Orlof frekar en launahækjun

Félagsmenn leggja nokkra áherslu á styttri og sveigjanlegri vinnutíma og aukið orlof. Þegar þátttakendur voru beðnir að velja á milli 1% launahækjunar og tveggja auka orlofsdaga völdu 62% aukið orlof. Yngstu félagsmennirnir vildu þó frekar launahækjun, en sá hópur er jafnan á lægri laununum. Nánari upplýsingar um könnunina er að finna á heimasíðu VR, www.vr.is, og þar má jafnframt nálgast skýrslu Gallup með niðurstöðunum.

50% kaupmáttaraukning meðal VR-félaga 1995-2002

95% VR félagar fá greitt samkvæmt markaðslaunakerfi en meirihluti félagsmanna í SFR fær greitt eftir töxtum.

Próun launa VR félaga 1995 - 2002
samanberið við almennt verðlag og almenna launaþróum



Laun félagsmanna VR hækkuðu um 79% frá árinu 1995 til loka árs 2002. Á sama tímabili nam uppsöfnuð verðbólga 29% og jókst kaupmáttur launa því um 50%. Á þessum árum voru félagsmenn í auknum mæli að semja um laun sín samkvæmt markaðslaunakerfi en mjög fáir VR-félagar taka laun samkvæmt taxta. Þess má þó geta að fjöldi háskólamenntaðra félagsmanna hefur aukist talsvert sl. ár. VR og SFR hafa skoðað launaþróun félagsmanna sinna síðastliðin ár og borð saman niðurstöðurnar. Það vekur athygli að laun félagsmanna í SFR, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, hækkuðu á þessu sama tímabili um 78% en félagsmenn í VR og SFR fá greidd laun samkvæmt mjög ólíkum kjarasamningum. 95% VR félagar fá greitt samkvæmt markaðslaunakerfi en meirihluti félagsmanna í SFR fær greitt eftir töxtum. Sú staðreynd að báðir hópar hafa hækkað jafnmikið á tímabilinu bendir til þess að það skipti ekki höfuðmáli þegar kemur að launaþróun til lengri tíma liðið hvort unnið er samkvæmt miðstýrðu eða dreifstýrðu launakerfi, þ.e. hvort greitt er eftir töxtum eða samkvæmt markaðslaunakerfi. Þetta bendir til þess að vinnumarkaðurinn sé mjög virkur þegar kemur að almennri launaþróun og komi í veg fyrir veruleg frávik, hvort sem um er að ræða umtalsvert hærri eða lægri laun ákveðinna atvinnugreina eða hópa.

Ágætt orlof hjá VR

Aukið orlof er oft ofarlega á blaði þegar fólk er innt eftir því hvaða breytingu það vilji sjá í næstu kjarasamningum. Margir halda að við stöndum illa að vígi í samanburði við önnur Evrópulönd en skv. meðfylgjandi töflu sem fengin er úr tímaritinu Network sem gefið er út af Usdaw í Bretlandi (Union of Shop, Distributive and Allied Workers)er staða okkar nokkuð góð.

| | Orlof | Alm. launaðir frídagar | Samtals | | Orlof | Alm. launaðir frídagar | Samtals |
|------------|-------|------------------------|---------|--|-------|------------------------|---------|
| Ísland | 24-28 | 12 (+ 0-2)* | 36-42 | Lúxemburg | 25 | 10 | 35 |
| Finnland | 25 | 14 | 39 | Þýskaland | 20 | 13 | 33 |
| Austurríki | 25 | 13 | 38 | Belgía | 20 | 10 | 30 |
| Grikland | 25 | 12 | 37 | Ítalía | 20 | 10 | 30 |
| Frakkland | 25 | 11 | 36 | Írland | 20 | 9 | 29 |
| Portugal | 22 | 14 | 36 | Holland / Belgía | 20 | 8 | 28 |
| Spánn | 22 | 14 | 36 | Bretland | 20 | 8 | 28 |
| Svíþjóð | 25 | 11 | 36 | | | | |
| Danmörk | 25 | 10 | 35 | *Frídagar verslunarmana vegna aukinnar vinnu í desember. | | | |

Vissir þú að...

...það var ekki fyrr en árið 1946 að samið var í kjarasamningum um sumarleyfi í fyrsta sinn. Þá var orlofið aðeins 12 virkir dagar á ári, fyrir minnst eitt ár í starfi. Segja má þó að sá siður verslunarmana að gera sér glaðan dag einu sinni á ári sé fyrsti vísirinn að sumarleyfi en frídagur verslunarmana var fyrst haldinn hátiðlegur árið 1894, þremur árum eftir stofnun VR.

Uppsögn á ófrískri konu dæmd ólögmæt

Vinnuveitendur þurfa lögmaðta ástæðu uppsagnar á reynslutíma

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í síðasta mánuði verslunareiganda í Reykjavík til að greiða félagsmanni VR um 1,2 milljónir króna í bætur en félagsmanninum, sem er kona, var sagt upp störfum eftir um tveggja og hálfs mánaða starf. Konan sagði vinnuveitanda sínum frá því að hún væri ófrísk þegar hún var búin að vinna hjá í fyrtækini í two mánuði. Henni var sagt upp störfum innan við mánuði síðar og var tekið fram í uppsagnarbréfinu að uppsagnarfrestur væri ein vika þar sem hún væri á þriggja mánaða reynslutíma.

Tungumálaörðugleikum boríð við

Konan leitaði til VR þegar henni var sagt upp störfum, skömmu eftir að hún hafði tilkynnt að hún væri ófrísk. VR stefndi þá fyrtækini þar sem óheimilt er að segja upp barnshafandi konum. Verslunareigandinn hélt því fram að konan hafi ekki getað sinnt starfi sínu sem skyldi og bar við tungumálaörðugleikum. Hann taldi sig hafa haft heimild til að segja konunni upp þar sem hún hafi verið á reynslutíma. VR hafnaði því og benti á að konunni hafi verið sagt upp skömmu eftir að hún sagði frá þungun sinni og aldrei hafi verið kvartað yfir tungumálaörðugleikum. Konan tali íslensku, vinnuveitanda hafi verið kunnugt um tungumálakunnáttu hennar við ráðningu og hún hafi tjáð sig á íslensku í ráðningarárviðtali.

Vinnuveitanda ber að sanna mál sitt

Skv. fæðingarorlofslögunum frá árinu 2000 er óheimilt að segja ófrískri konu upp störfum nema gildar ástæður séu til og túlkar dómurinn þetta svo að sönnunarbyrðin hvíli á vinnuveitanda. Dómurinn telur vinnuveitanda ekki hafa sannað að konan hafi verið ófær um að gegna starfi sínu og að ekki hafi verið gildar ástæður til að segja henni upp. VR fór fram á laun fram að fæðingu barnsins og þrjá mánuði að auki í uppsagnarfrest eftir fæðingarlof. Ekki var gerður tölulegur ágreiningur um launakröfuna og voru henni því dæmdar bætur. Guðmundur B. Ólafsson lögmaður flutti málið fyrir hönd VR.



6

ávinningsar af því að halda jól

Jólapakkar og konfekt



Tími til að lesa og lúra



Frí í vinnunni

Spariföt og kertaljós

Góður matur
marga daga í röð



VR blaðið kemur inn um
lúguna fyrir jólin!

Ávísun á góða daga

Samningar við nítján aðila í ferðaþjónustu



Frá Prag

Félagsmenn eiga von á glaðningi í póstkassann í janúarbyrjun en þá mun VR senda út orlofsávisanir. Send verður 5.000 króna ávísun til fullgilda félaga sem hafa greitt samfleyytt til félagsins í tvö ár. Hafi þeir ekki nýtt sér ávísun á árinu 2003 fá þeir 2.500 krónur í viðbót. Ávísanirnar gilda sem afsláttur af ferðaþjónustu hjá hinum ýmsu ferðaþjónustuaðilum.

Þetta er gert í ljósi þess að langt er frá að hægt sé að anna öllum þeim umsóknunum sem berast til VR um dvöl í orlofshúsum. Með þessu móti eiga því fleiri kost á að njóta niðurgreiðslu úr orlofssjóði VR en þeir sem fá úthlutað orlofshúsi eða tjaldvagni hjá félagini.

Nú þegar hefur verið gerður verið samningur við nítján aðila um samstarf og gildir ávísunin sem afsláttur upp í þjónustu þeirra. Ávísunin gildir m.a. í utanlandsferðir ýmisskonar, gönguferðir og ferðalög innanlands, gistingu á hótelum og að sjálfsögðu einnig í orlofshúsum VR innanlands, bæði vegna summar- og vetrarleigu. Einig vegna leigu á orlofsbúðum VR á Spáni og tjaldvögnum. Það er von félagsins að sem flestir geti nýtt sér þennan kost og eigi möguleika á að vera á faraldsþæti á næsta ári.

Ferðaskrifstofur

Centrum Natura

Centrum Natura býður upp á fjölbreytta afþreyingu og ævintýraferðir fyrir hópa og einstaklinga. Fossasig og gljúfurgöngur, hellaskoðun, hestaferðir, rafting og jöklaverðir eru dæmi um ferðir sem boðið er uppá. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og auðvelt er að sníða ferðir að áhugasviði og getu hvers og eins. Nánari upplýsingar um ferðir Centrum Natura er að finna á vefsíðunni www.centrumnatura.is og í síma 552 5200.

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í auglýstar hópferðir árið 2004. Farið er m.a. til Prag, Budapest og Berlínar. Ferðaskrifstofan sér auk þess um alla almenna farseðlasölu og ferða-skipulagningu fyrir einstaklinga og hópa jafnt innanlands sem utan. Elsta starfandi ferðaskrifstofa landsins. Nánari upplýsingar á www.gjtravel.is og í síma 511 1515.

Ferðaskrifstofan Príma – Heimsklúbburinn

Ferðaskrifstofan Príma – Heimsklúbburinn, sérhæfir sig í skipulagningu og framkvæmd hóp- eða einstaklingsferða til framandi menningarheima og annast þar að auki alla almenna farseðlaútgáfu. Auk þess að „klæðskerasuma“ ferðir fyrir fólk, þá eru farnar skipulagðar ferðir á áfangastaði eins og t.d. Suður Afríku, Ítalíu, Taíland, Balí og Vietnam. Ferðaskrifstofan Príma – Heimsklúbburinn, hefur umboð fyrir nokkur af stærstu skipafélögnum sem annast skemmtisiglingar og býður nú lengri eða skemmri siglingar á öllum siglingaleiðum. Orlofsávisun VR gildir í allar hópferðir sem skipulagðar eru af fyrirtækinu. Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 562 0400 og á www.heimsklubbur.is

Heimsferðir

Heimsferðir taka á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í allar leiguflugsferðir félagsins árið 2004. Heimsferðir bjóða alla vinsælustu áfangastaði Íslendinga í beinu vikulegu leiguflugi sumarið 2004. Félagsmenn VR geta notað orlofsávisun sína til eftirfarandi staða: Prag, Budapest, Kanaríeyja, Costa del Sol, Mallorka, Benidorm, Barcelona, Rimini og Verona. Á öllum áfangastöðum sínum bjóða Heimsferðir úrvall góðra gististaða, þjónustu reyndra íslenskra fararstjóra og úrvall kynnisferða fyrir þá sem vilja kynnast landi og þjóð. Nánari upplýsingar í síma 595 1000 og á vef Heimsferða, www.heimsferdir.is, en þar er hægt að bóka og fá ferðina staðfesta.

Hópferðamiðstöðin/Vestfjarðaleið

Hópferðamiðstöðin/Vestfjarðaleið tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í auglýstar ferðir á vegum ferðaskrifstofunnar árið 2004. Þar á meðal er um að ræða summar- og haustferðir til St. John's á Nýfundnalandi í Kanada og leiguflug til Sviss frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst. Heimasíða: www.vesttravel.is Netfang: info@vesttravel.is Sími 562 9950.

Ferðaskrifstofur

Icelandair

Icelandair tekur á móti orlofsávísunum VR sem greiðslu í pakkaferðir Icelandair sem kynntar eru í bæklingi Icelandair árið 2004 og á www.icelandair.is. Sumarbæklingur Icelandair, „Út í heim“ kemur út í febrúar. Þar verður af nógum að taka, pakkaferðir til Evrópu og Ameríku þar sem boðið er upp á flug og gistingu og flug og bíl. Einnig verða nokkrar spennandi sérferðir, t.d. Pétursborg, New York, vínsmökunarferð til Frakklands, golfferðir og fleira. Icelandair mun fljúga til sjö nýrra áfangastaða í áætlunarflugi sumarið 2004 og í heild mun Icelandair fljúga frá Íslandi til 21 borgar í Evrópu og Ameríku næsta sumar. Icelandair verður með 7 nýja áfangastaði í sumar. Áfangastaðirnir sjó sem bætast við sumaráætlun félagsins frá því á síðasta sumri eru Berlín, Zurich, Madrid, Helsinki, Hamborg, Munchen og Orlando. Þess má geta að það verða 4 flug á viku til Orlando næsta vetur.

Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa starfað í rúman áratug. Fyrirtækið hefur það að markmiði að bjóða upp á ferðalög í óbyggðum og ýmsa iðju tengda fjallamennum. Aðalsmerki okkar er vönduð leiðsögn atvinnumannsins og góður ferðaundirbúningur. Við bjóðum upp á sérstæðar gönguferðir um náttúru landsins og reyndar víðar en að Íslandi. Stundum eru þetta ferðir um mjög torfær svæði, en stundum leitum við skemmra eftir athyglisverðum möguleikum. Við bjóðum upp á allt frá dagsferðum til leiðangra yfir Grænlandsjökul, en vinsælastar eru 4-5 daga bakpokaferðir og trússferðir. Þá er gengið með léttan dag-poka og búnaður er fluttur með bíl milli næturstaða. Nánari upplýsingar í síma 587 9999 eða á heimasíðunni www.mountainguide.is

ÍT ferðir – Íþrótt- og tómstundaferðir

Vandaðar og fjölbreyttar hópferðir fyrir alls konar hópa, s.s. íþróttahópa, kóra og aðra tónlistarhópa, skólahópa, fyrirtæki og félagasamtök o.s.frv. Einnig borgarferðir, golfferðir, gönguferðir, ferðir á íþróttaviðburði, í knattspyrnuskóla, í spænskuskóla o.m.fl. Áætlunar- eða leiguflug eftir stærð hópa, áfangastað og eðli ferða. 17 ára reynsla tryggir gæði og sanngjarn verð fyrir vel skipulagða ferð. ÍT ferðir - fyrir þig og þína. Nánari upplýsingar í síma 588 9900 eða á www.itferdir.is

Plúsferðir

Plúsferðir taka á móti orlofsávísunum VR sem greiðslu í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2004 auð leiguflugsferða til Danmerkur/Billund. Plúsferður bjóða upp á fjölbreyttar ferðir í sólinu, til Krítar, Portúgal, Mallorca, Tyrklands og Benidorm. Fjölbreytt úrval gististaða og boðið er upp á stórar íbúðir fyrir barna-fjölskyldur í sumarfrínu. Það er engu líkt að fara með börnin til Danmerkur í frí. Fjölskyldugarðarnir í Legoland, Djuurs sommerland og Ljónagarðurinn að ógleymdu Tívolínu gerir ferð til Danmerkur að ómissandi hluta í lífi barnanna. Bílaleigubílar eru til taks á öllum okkar áfangastöðum fyrir farþega Plúsferða sem þess óska hvort heldur sem er um lengri eða skemmtiri tíma. Nánari upplýsingar í síma 539 2100 og á www.plusferdir.is

Sumarferðir

Sumarferðir vilja nota tækifærið og þakka VR félögum frábærar viðtökur á liðnu sumri. Hinn mikli fjöldi ávísana sem ferðaskrifstofan afgreiddi sýndi að VR félagar kunnu vel að meta þá verðstefnu sem Sumarferðir hafa að leiðarljósi. VR orlofsávísanir verður hægt að nota í allar ferðir á vegum Sumarferða. Með því að grundvalla rekstur Sumarferða að fullu á þeim möguleikum sem upplýsinga- og samskiptatækni nútímans býður upp á gefst okkur tækifæri til þess að



Frá Prag

innleiða stórfellda verðlækkun á hefðbundnum sumarleyfisferðum. Einföld framsetning, á verði sem greinilega margir vilja og allir skilja. Nánari upplýsingar á www.sumarferdir.is og í síma 575 1515.

Terra Nova Sol

Terra Nova Sol tekur á móti orlofsávísun VR sem greiðslu í allar pakkaferðir í sumarbæklingi að undanskyldum ferðum með Norrænu, pakkaferðum í áætlunarflugi og flugi með Icelandair. VR-ávísun gildir í eftirfarandi pakkaferðir Terra Nova-Sólars: Portúgal, Barcelona og Salou á Spáni, Kýpur, Flórida, skemmtisiglingar í Karíbahafi og Miðjarðarhafi, sumarhús í Hollandi, pakkaferðir til Parísar/Frakklands með Corsair, Düsseldorf, Hamborg, Munchen, Berlínar og Vínarborgar þegar flogið er með LTU, Condor og Aero Lloyd. Gildir einnig í TUI pakkaferðir um allan heim. Nánari upplýsingar í síma 591 9000 og á www.terranova.is

Útvist

Útvist tekur á móti orlofsávísunum VR sem greiðslu í ferðir félagsins sem kostar yfir 12.000 kr. árið 2004 og/eða sem greiðsla fyrir félagsgjald. Útvist er öflugt ferðafélag sem býður upp á fjölmargar og fjölbreyttar ferðir, allt frá léttum dagsferðum til lengri ferða auð þess sem jeppadeildin er öflugur félagsskapur innan félagsins. Kvöldgöngur Útvistarræktarinnar eru alltaf á mánudögum og fimmtudögum en þær eru kjörinn vettvangur fyrir alla sem vilja hreyfa sig í klukkutíma og halda sér í gönguformi á milli ferða. Ekki spillir fyrir að þátttaka í Útvistarræktinni er ókeypis. Félagar í Útvist fá ýmis hlunnindi, t.d. afslátt af öllum ferðum, ódýrari gistingu í skálum félagsins, ókeypis tímarit tvívar á ári, fréttabréf og afslátt af vörumerki hjá mörgum fyrirtækjum. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 562 1000 og á vefsetrinu www.utivist.is

Úrval - Útsýn

Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn tekur á móti orlofsávísunum VR sem greiðslu í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2004. Úrval Útsýn býður ferðir til Kanaríeyja fram yfir pásku og aftur næsta haust. Páskaferðir, vorferðir og ferðir fyrir eldri borgara bjóðast til Portúgal, Mallorka, Krítar og Benidorm, en til þessara áfangastaða er flogið vikulega í allt sumar og fram á haust. Nánari upplýsingar í síma 585 4000 og á www.urvalutsyn.is

Ávísun á góða daga



Frá Spáni

Hótel

Flugleiðahótel hf reka tvær hótelkeðjur, Icelandair hótelin og Hótel Eddu. Sumarið 2004 taka hótelin við orlofsávisunum frá VR. Icelandair hótelin bjóða mikinn fjölbreytileika í gistingu um land allt. Umgjörð, aðstaða og andrúmsloft hótelanna er eins og best verður á kosið. Um er að ræða 8 heilssárshótel í Reykjavík, á Suðurlandi og á Austurlandi. Icelandair hótelin eru tilvalin fyrir mannfagnaði af ýmsum toga og ekki skemmir umhverfi hótelanna. Öll hótelin eru nálag vinsælum útvistarsvæðum og margskonar afþreying í bodí. Í Hótel Eddu keðjunni eru alls 15 sumarhótel (tveggja til þriggja stjörnu hótel) staðsett hrínginn í kringum landið. Flest eru hótelin starfrækt í skórum og áhersla lögð á lipra þjónustu og hagstætt verð. Sjá meira www.icehotels.is og www.hoteledda.is

Fosshótel

Fosshótel er keðja 13 vinalegra hótelum um allt land. Orlofsávisun gildir til að greiða fyrir gistingu (ekki fyrir mat og drykki) og gildir ekki með öðrum tilboðum nema „Last Minute“ tilboði til félagsmanna VR. Last Minute tilboðið: þá geta félagsmenn pantað gistingu með mest 24 tíma fyrirvara ef laust er, á eftirtoldum sérkjörum á öllum Fosshótelum:

Herbergi með baði: Janúar - maí og september - desember: kr. 7.000 og júní - ágúst: kr 8.700. Herbergi án baðs: Janúar - maí og september - desember: kr. 5.000 og júní - ágúst: kr 6.500. Óska þarf eftir „VR- Last minute“ verði við bókun. Þannig að ef gist er t.d. í baðlausu herbergi á Fosshótel Nesbúð á Nesjavöllum janúar til maí 2004 þá „greiðir“ gesturinn einungis með orlofsávisun, engin aukagreiðsla er fyrir gistingu og morgunmat í eina nótt. Upplýsingar í síma 562 4000

Hótel Express

Þetta er einfalt en snjallt! Með orlofsávisun þinni kr. 5.000 getur þú tryggt þér 12 mánaða aðild að Hotel Express afsláttar- og fríðindaklúbbnum sem í dag hefur starfað í 17 ár og yfir 4 milljónir meðlima nýta sér. Hotel Express tryggar þér 50% lágmarks afslátt á yfir 4.300 samstarfshótelum í yfir 140 löndum (26 talsins á

Íslandi), 50% afsláttur á öllu innanlandsflugi og 50% afsláttur hjá Hertz bíla-leigunni á Íslandi. Margfaldaðu orlofsávisun þína og láttu andvirði hennar tryggja þér betri kjör og aukinn afslátt aftur og aftur. Kíktu á www.hot-ex.is eða hringdu í 555 7555. Hafðu skynsemina með í för – hvort sem þú ferðast erlendis eða heima.

Hótel Keflavík er fyrsta flokks hótel í miðbæ Keflavíkur. Hótelin er glæsilegt fjölskyldufyrirtæki og hefur þótt kærkominn dvalarstaður fyrir þá sem vilja hvílast vel áður en haldið er af stað til annarra landa. Boðið er upp á akstur að flugstöð og bílageymslu en frá hótelinu er aðeins um fimm mínútna akstur að flugstöð Leifs Eiríkssonar. Aðbúnaður á hótelherbergjum er einn sá besti hér á landi og í nokkrum herbergjum eru nuddbaðker. Á hótelinu er mjög góður kín-verskur veitingastaður og í líkamsræktarstöðinni Lífstíl á hótelinu er stór æfingasalur, aerobic og spinning auk annarar aðstöðu s.s. ljósabekkir, nudd og gufubað. Hótelin er einnig tilvalið til að halda ráðstefnur og árshátiðir fyrirtækja enda er aðstaðan öll hin besta og afþreying í miklu úrvali. Upplýsingar í síma 420 7000.

Hótel Valhöll

Rekstraraðilar Hótel Valhallar fagna samstarfssamningi við VR og vænta ánægjulegs samstarfs á komandi árum. Við leggjum mikinn metnað í alla þjónustu við gesti okkar sem tengist að sjálfsögðu því að hótelin er staðsett á einum helgasta stað þjóðarinnar. Við stefnum á að sem flestir eigi þess kost að sækja okkur heim og njóta þess sem í boði er hverju sinni. Hótel Valhöll, rómántiskt sveitahótel á helgum stað. Nánari upplýsingar í síma 486 1777 og [www.hotelthingvellir.is](mailto:info@hotelthingvellir.is) og netfangið er info@hotelthingvellir.is.

Hótel Örk hefur gengið til samninga við VR um að taka við orlofsávisunum árið 2004. Á Hótel Örk er útisundlaug, heitir pottar, jarðgufubað, tennisvellir, æfingagolfvöllur, borðtennis, billiard, píla auk þess sem ýmislegt er hægt að gera sér til dundurs í nágrenninu. Hægt er að fara í hestaferðir, skoða hverasvæðið sem er í hjarta bæjarins auk þess sem vel merktar gönguleiðir eru um nágrennið. Á Hótel Örk eru 85 tveggja manna herbergi öll með sturtu og baði, sjónvarpi, minibar og síma. Orlofsávisanirnar gilda með sælu-, helgar- og sumarlyklum auk almennrar gistingar. Nánari upplýsingar í síma 483 4700 og á www.hotelork.is

Í sólinu sumarið 2004

Hagstæð fargjöld til Spánar



Frá Calpe

VR hefur ákveðið ganga til samninga við ferðaskrifstofuna Sumarferðir vegna hagstæðra kjara á tveggja vikna ferðum til Calpe á Spáni næsta sumar. Calpe sem gjarnan er talið eitt best geymdu leyndarmál Costa Blanca strandarinnar hefur allt sem þarf til að gera sumarleyfið eftirminnilegt.

Vel búnar íbúðir

Tíu íbúðir verða í boði og tvær stærðir eftir því hve fjölskyldan er stór. Þær miðast annars vegar við að 2-4 geti dvalið saman og hins vegar 4-6. Íbúðirnar eru vel búnar, ýmist 2 eða 3 svefnherbergi, stofa, eldhús og bað. Allar með svölum sem snúa í átt til sjávar. Rúmin eru að sjálfsögu uppbúin, þvottavél og loftkæling eru til staðar og þrifið einu sinni í viku.

Calpe

Bærinn sem hefur upp á margt skemmtilegt að bjóða fyrir ferðamenn. Þetta er hefðbundinn spánskur fiskimannabær með þróngum götum. Hann tengir saman tvær sandstrendur, alls 11 km langar, en hinn heimsþekkti Ifach klettur skilur þær að. Calpe er forn bær með mikla sögu. Þar hafa fundist jarðneskar leifar allt frá nokkur hundruð árum fyrir Krist, m.a. af íberskum hersveitum. Einnig eru þar fjölmargar minjar frá þeim tíma sem Márar bjuggu í Calpe. Skemmtileg söfn eru í gamla bænum. Í næsta nágrenni eru staðir sem margir íslendingar þekkjá; Alicante, Benidorm, Albir og Valencia.

9 holu golfvöllur

Siglingar og köfun eru helstu íþróttir Calpe, en þar er boðið upp á fjölbreyta afþreyingu að ýmsum toga. Fjölmargir golfvellir eru í 10 til 40 mínútna öku-fjarlægð og einn mjög góður 9 holu golfvöllur við bæjardýrnar.

Góður matur

Fólk kemur víða að til að borða á þekktum veitingastöðunum í Calpe. Þar er að finna hefðbundna tapas veitingastaði, auk líbanskra, íitalskra, þýskra og enskra. Fleiri en einn veitingastaður í Calpe hafa fengið hina þekktu Micheline nafnbót. Þá er nóg af börum og annarri afþreyingu þannig að þeir sem sækja Calpe heim hafa af nógu að taka varðandi mat, drykk og fjölbreyta skemmtun.

Verð pr. mann í 2 vikur

| Íbúðaskiptan: | Fjöldi í íbúð | Fjöldi svefnherb. í íbúð | Verð |
|---------------|---------------------------|--------------------------|--------|
| A1 | 2 fullorðnir + 2 börn eða | 3 fullorðnir | 37.650 |
| A2 | 4 fullorðnir + 2 börn eða | 5 fullorðnir | 42.270 |
| A3 | 6 fullorðnir + 2 börn eða | 7 fullorðnir | 47.830 |
| 8 manns - A3 | 3 | 37.930 | 37.930 |
| 7 manns - A3 | 3 | 42.600 | 42.600 |
| 6 manns - A2 | 2 | 47.300 | 47.300 |
| 5 manns - A2 | 2 | 42.200 | 42.200 |
| 4 manns - A1 | 1 | 45.370 | 45.370 |
| 3 manns - A1 | 1 | 58.800 | 58.800 |

Íbúðaskiptan:

| | | |
|----|---------------------------|--------------|
| A1 | 2 fullorðnir + 2 börn eða | 3 fullorðnir |
| A2 | 4 fullorðnir + 2 börn eða | 5 fullorðnir |
| A3 | 6 fullorðnir + 2 börn eða | 7 fullorðnir |

Innifalið er: Flug, gisting og flugvallarskattar. Fyrsta ferð út er fimmtudaginn 20. maí, flogið er hálfsmánaðarlega og síðasta ferð heim er fimmtudaginn 9. september. Orlofsávísun VR gildir í þessar ferðir.

Umsóknir þurfa að berast til skrifstofu VR á meðfylgjandi umsóknareyðublaði fyrir 20. janúar nk. og niðurstöður munu liggja fyrir 26. janúar. Einnig er hægt að sækja um á www.vr.is



Minnisblað verslunar- manna um jólin



Desembermánuður einkennist af auknu vinnuálagi í verslunum auk margra frídag a sem launþegar eiga rétt á yfir hátiðarnar. Því er ekki úr vegi að rifja upp þau ákvæði almennr kjarasamninga sem tengjast vinnu í jólamánuðinum á beinan hátt. Við gerð kjarasamninga hefur VR leitast við að ná samkomulagi um ákvæði sem sérstaklega eru ætluð til að umbuna starfsfólk fyrir vinnuframlag þeirra á þessu tímabili og tryggja lágmarkshvild á álagstínum. Hér að neðan eru þau helstu tilföldum.

Skráning vinnutíma

Í jólamánuðinum er góð vinnuregl að skrá niður vinnutíma sinn. Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa. Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafolk yfir háannatímann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk.

Frídagar yfir hátiðarnar

Frídagar yfir hátiðarnar eru eftirfarandi skv. samningum: Eftir kl. 12:00 á aðfangadag, jóladagur, annar í jólum, eftir kl. 12:00 á gamhlársdag og nýársdagur. Allir framantalinna daga teljast vera stórhátiðadagar, að undanskylđum öðrum degi jóla sem er almennur frídagur. Ekki er vinnuskylda á þessum dögum og skulu launþegar halda sínum dagvinnulaunum óskertum.

Laun á frídögum

Samþykki launþegar að taka að sér vinnu á frídögum skal greiða hefðbundið yfirvinnukaup, (1,0385% af mánaðarlaunum f. dagvinnu), fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátiðakaup, (1,375% af mánaðarlaunum f. dagvinnu), fyrir vinnu á stórhátiðadögum. Hefðbundin dagvinnulaun launþega í föstu og reglubundnu starfi haldast auk þess óbreytt.

Daglegur hvíldartími

Á hverjum sólarhring, reiknað frá upphafi vinnudags, á starfsmaður rétt á 11 klst. hvíld. Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en 13 klst. Vinnuveitandi skal jafnframt leitast við að láta þessa daglegu hvíld ná til tímabilsins á milli kl. 23:00 og 06:00.

Frávik og frítökuréttur

Við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þarf verðmætum, má lengja daglega vinnulotu í 16 klst. Ef vinnulotan er lengd í 16 klst. skal undantekningalaust veita 11 klst. hvíld beint á eftir, án skerðingar á rétti til fastra daglauna.

Ef sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma er heimilt að fresta hvíldinni og veita hana síðar. Þannig safnast svokallaður frítökuréttur upp. Fyrir hverja klst. sem 11 tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klst. í dagvinnu í frítökurétt. Uppsaður frítökuréttur skal koma fram á launaseðli og skal taka hann í hálfum eða heilum dögum í samráði við vinnuveitanda. Ef starfsmaður óskar er heimilt að greiða 1/2 klst. (dagvinnu) af frítökuréttinum.

Dæmi: Starfsmaður hefur störf kl. 08:00 Hann lýkur störfum kl. 23:00 og kemur aftur til vinnu kl. 08:00 daginn eftir. Samfelld hvíld hans á milli vinnudaga er einungis 9 klst. Hvíldartími hans hefur þ.a.l. verið skertur um 2 klst. og öðlast viðkomandi starfsmaður því frítökurétt uppá 3 klst. fyrir vikið.

Undir öllum kringumstæðum er þó óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld. Ef starfsmaður vinnur það lengi á undan helgi eða frídegi að ekki náið 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Ef starfsmaður vinnur á frídegi eða um helgi skal greiða yfirvinnukaup fyrir þann vinnutíma án þess að frekari aukagreiðslur komi til. Hafa ber í huga að þessi ákvæði eiga ekki við á skipuleggum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartímann í allt að 8 klst. Við starfslok skal uppsaður frítökuréttur starfsmanns gerður upp.

Vikulegur frídagur

Á hverju 7 daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

Frestun á vikulegum frídegi

Ef því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi. Ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt að fresta vikulegum frídegi er fyrirtæki heimilt að gera slíkt með sérstökum samningi við starfsmenn sína og VR. Með slíkum samningi má t.d. veita frí á laugardegi og sunnudegi aðra hvora helgi. Ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi og starfsmaður er láttinn vinna 7 daga í röð á hann rétt á fríi á virkum degi í næstu viku á eftir, án skerðingar launa.

Frídagar vegna vinnu í desember

Fastráðið afgreiðslufólk og lagermenn þeirra verslana sem hafa lengdan opnunartíma í desember, svo sem á laugardögum eftir kl. 16:00, á sunnudögum og á Þorláksmessukvöldi, og sem vinnur a.m.k. 50% starf á rétt á tveimur launuðum fridögum í janúar næstum á eftir. Einnig má veita þessa frídaga á milli jóla og nýárs skv. bókun samningsaðila frá 1. maí 1989. Óski starfsmaður þess á hann rétt á 10% launauppbót miðað við eigin dagvinnulaun í desember í stað tveggja frídaga.

Helgarvinna

Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en fyrir 4 klst., þótt unnið sé skemur. Í kjarasamningi VR og SV – FÍS kveður á um að greiða skuli ávallt 1 klst. lengur en unnið er á laugardögum og sunnudögum.

Matar- og kaffítímar

VR semur við tvenn samtök vinnuveitenda, annars vegar Samtök atvinnulífsins og hins vegar Samtök verslunarinnar-FÍS. Stærstur hluti félagsmanna VR starfar samkvæmt samningi VR og Samtaka atvinnulífsins. Ákvæði um matar- og kaffítíma eru ekki samhljóða í þessum samningum. Hér er gerð grein fyrir ákvæðum um neysluhlé í hvorum samningi fyrir sig.

Samningur VR og Samtaka atvinnulífsins

Hádegismatartími í verslunum er á bilinu 1/2 - 1 klst. (háð samkomulagi). Þessi matartími telst ekki til vinnutíma. Hafa ber í huga að starfsfólk þarf að vinna í 5 klst. til að öðlast rétt til matartíma í hádeginu.

Kvöldmatartími telst á hinn bóginn til vinnutíma og er því greiddur.

Kvöldmatartíma skal veita á milli kl. 19:00 og 20:00. Ef kvöldmatartíminn eða hluti hans er unninn skal greiða þann hluta með tvöföldu kaupi. Vinni starfsmaður lengur en 4,5 klst. eftir kl. 16:00 á hann rétt á óskertu 1 klst. kvöldmatarhléi.

Kaffítími hjá afgreiðslufólki er 35 mínútur á dag miðað við fullan vinnudag og er í beinu hlutfalli við vinnutíma starfsfólks í hlutastörfum. Dæmi: Starfsmaður sem vinnur 4 tíma á dag á rétt á u.p.b. 17,5 mínútum í kaffi.

Ef unnið er lengur en til kl. 22:00 skal veita annan 20 mínútna kaffítíma á tímabilinu kl. 22:00 - 22:20. Á Þorláksmessu er þó heimilt að veita 20 mínútna kaffítímann á bilinu kl. 21:40 - 22:20.

Samningur VR og Samtaka verslunarinnar - FÍS

Starfsmenn eiga rétt á vinnuhléi sem nemur a.m.k. 1/2 klst. á dag, nema um annað sé samið. Daglegur tími sem fer í vinnuhlé má ekki fara fram úr einni klst. nema vinnudagur fari fram yfir 8 klst. á dag. Þá má vinnuhlé fara í 1 1/2 klst. á dag. Kvöldmatartími telst til vinnutíma og er því greiddur. Kvöldmatartíma skal veita á milli kl. 19:00 og 20:00. Sé matartíminn unninn eða hluti af honum greiðist til viðbótar og með sama kaupi 1 klst. og skal það einnig gert þótt skemur sé unnið. Vinni starfsmaður lengur en 4,5 klst. eftir kl. 16:00 á hann rétt á óskertu 1 klst. kvöldmatarhléi.

Ef unnið er lengur en til kl. 22:00 skal veita 20 mínútna kaffítíma á tímabilinu kl. 22:00 - 22:20. Á Þorláksmessu er þó heimilt að veita 20 mínútna kaffítímann á bilinu kl. 21:40 - 22:20.

Vinna barna og unglings

Vinnutími unglings 15 til 18 ára má ekki fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku. Unglingar mega ekki vinna frá kl. 22:00-06:00 nema annað sé sérstaklega tekið fram. Undanþágur frá þessu eru fyrir hendi sbr. vinnu í kvíkmyndahúsum, leikhúsum og í sölturnum svo nokkur dæmi séu tekin. Unglingar mega þó aldrei vinna á milli kl. 24:00 og 04:00.

Vinnutími barna 13-15 ára, eða þeirra sem eru í skyldunámi, má vera 2 klst. á dag eða 12 klst. á viku þegar um er að ræða vinna sem fram fer á starfstíma skóla. Utan starfstíma skóla má vinnutími 13-14 ára barna vera 7 klst. á dag eða 35 klst á viku. Fimmtán ára börn mega hins vegar vinna jafn lengi og unglingsar. Börn mega ekki vinna á tímabilinu kl. 20:00-06:00.

Desemberuppbót

Að lokum er rétt að minna á að desemberuppbót til félagsmanna VR skal greiðast ekki síðar en 15. desember. Desemberuppbót í ár fyrir fullt starf á árinu er kr. 42.000 skv. kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins, en kr. 50.000 skv. kjarasamningi VR og Samtaka verslunarinnar - FÍS. Hægt að leita nánari upplýsinga um þetta atriði á heimasíðu VR, www.vr.is, eða hjá starfsfólki kjaramáladeilda VR.
Þetta eru helstu atriði sem hafa ber í huga í annríki jólamánaðarins. Ef upp koma spurningar um eithvert ofantalinna atriða eru starfsmenn kjaramáladeilda ávallt reiðubúnir að aðstoða. Síminn er 510 1700.

Með jólkveðju,
kjaramáladeild VR



Veikindi barna

Veikindi barna hafa verið mikið í umræðunni upp á síðkastið og segja má að það sé aukinn skilngur á stöðu foreldra með langveik börn og börn með ýmis þroskafrávik. Stofnun Sjónarhóls nú í nóvember og sá mikli stuðningur sem þjóðin sýndi því átaki er skýrt dæmi þar um. Önnur hlið sama mál er möguleiki foreldra á að fylgja börnum sínum eftir í veikindum og geta losað sig frá vinnu án þess að verða fyrir verulegu tekjutapi á sama tíma.

Fjárhagsáhyggjur

Umönnunarbaetur Tryggingastofnunar ríkisins hafa hingað til komið mörgum foreldrum vel, en betur má ef duga skal. Þessar bætur TR eru að hámarki um 70 þúsund á mánuði og hafa verið frekar hugsaðar til að mæta ýmis konar kostnaði fólks vegna lyfjakostnaðar, læknisaðstoðar o.fl. Réttindi foreldra til launa er fljótur að klárást hjá vinnuveitenda, en nú er veikindaréttur vegna veikinda barna aðeins 7 – 10 dagar. Það liggur í augum uppi að það álag sem fylgir veikindum barnsins er yfrið nóg þó ekki bætist við fjárhagsáhyggjur foreldra.

VR greiðir 270 daga

Frá árinu 1995 greiddi sjúkrasjóður VR sjúkradagpeninga til félagsmanna sínna vegna veikinda barna, allt að 30 daga á hverju 12 mánaða tímabili. Þessi réttur var aukinn upp í 90 daga 1. febrúar 1998. Í febrúar 2001 ákvað stjórn sjóðsins síðan að greiða dagpeninga í allt að 270 daga vegna veikinda barna og var þá fyrsta félagið til þess. Dagpeningarnir nema 80% af launum viðkomandi félagsmanns. VR sem lífsgæðafélag vill stuðla að því að félagsmenn geti sinnt fjöldum sínum í veikindum, hvort sem um ræðir veikindi barna eða maka.

Nánari upplýsingar í síma 510 1700 og á www.vr.is



Höfundur: Rósmarý Úlfarsdóttir



LÍV leggur áherslu á
stöðugleika og
sérstaka hækku
lægstu launa

24. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna var haldið um miðjan síðasta mánuð en aðilar að LÍV eru verslunarmenn um land allt. Þingið lagði á það áherslu að stöðugleika verði viðhaldið og hvetur stjórvöld til þess að taka ábyrgð á sínum þætti í efnahagsstjórnuninni. Í ályktun þingsins um kjaramál segir að þingið telji nauðsynlegt að halda áfram sérstakri hækku lægstu launa, eins og verið hafi í síðustu kjarasamningum, til þess að koma í veg fyrir of mikinn launamun. Jafnframt þurfi að tryggja að þær almennu launahækkanir sem samið verði um, skili launafólkis kaupmáttaraukningu. Meginþema þingsins var kjara- og efnahagsmál og var því ætlað að marka upphafið að formlegum undirbúningi kjarasamninga verslunarmanna en samningar eru lausir eins og menn vita 1. mars 2004. Sjá nánar um þingið og ályktanir þess á heimasíðu LÍV landssamband.is



Gætir bú lifað af 26.640 kr. á mánuði?

Þeir sem veikjast og verða að vera frá vinnu í lengri tíma eiga flestir rétt á launum í 2 til 4 mánuði hjá vinnuveitanda. Eftir það fá þeir aðeins 26.640 kr. á mánuði frá Tryggingastofnun ríkisins ef þeir eru ekki með sérstaka sjúkdómatryggingu eða í stéttarfélagi með öflugan sjúkrasjóð.

26.640 kr. á mánuði duga skammt og það er nóg að þurfa að kljást við veikindi þó fjárhagsáhyggjur bætist ekki við. VR er traustur bakhjarl Þegar í harðbakkann slær og tryggir félagsmönnum sinum 80% af föstum mánaðlaunum í allt að 9 mánuði.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasiðu VR, www.vr.is, eða í þjónustuveri VR í síma 510 1700.

Starf okkar
eflir
þitt starf

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur



Séreignarsparnaður – besti kosturiðn



Höfundur: Pór Egilsson

Launþegar geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í séreignarsparnað áður en skattur er reiknaður á laun og fá 2% mótframlag frá launagreiðanda skv. kjarasamningum. Sparnaður í séreignarsjóði getur þannig numið allt að 6% af heildarlaunum. Þeir launþegar sem kjósa að spara ekki sjálfir fá 1% mótframlag frá launagreiðanda skv. kjarasamningum.

Kostir þess að vera með séreignarsparnað eru augljósir. Skattahagræðið við innborgun og mótframlagið gera þetta sparnaðarform að því besta sem völ er á eins og sést á meðfylgjandi töflu. (í fjárlagafrumvarpinu sem liggur fyrir Alþingi er boðað að fella niður mótframlag ríkisins. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því í útreikningum hér að neðan).

| Séreignariðgjald af launum | 2%* | 4% |
|------------------------------------|--------------|--------------|
| Sparnaður af 150.000 mánaðarlaunum | 3.000 | 6.000 |
| Skattar lækka um | 1.157 | 2.313 |
| Raunverulegt framlag | 1.843 | 3.867 |
| Mótframlag launagreiðanda | 3.000 | 3.000 |
| Inneign í séreignarsjóði | 6.000 | 9.000 |

Ekki missa af lestinni !

*Fyrir hverjar 100 kr. sem þú sparar færð þú 225 kr. í formi skattahagræðis og mótframlags frá launagreiðanda. Hefur þú efni á að hafna sílku boði

Með aukinni umræðu og kröfu um sveigjanleg starfslok munu þeir sem nýta sér séreignarsparnaðinn verða verulega betur settir í framtíðinni en þeir sem gera það ekki. Það er því mjög mikilvægt fyrir fólk að nýta þetta tækifæri og huga að því að hefja séreignarsparnað sem fyrst vegna þess að því lengri tími sem sparað er því hærri verður inneignin sem úr verður að spila þegar á henni þarf að halda.

Séreignardeild Lifeyrissjóðs verzlunarmana er ávoxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins sem nú eru um 118 milljarðar. Markmiðið með deildinni er að auka fjölbreytni og þjónustu við sjóðfélaga í samsetningu lífeyrisréttinda sér til handa og bjóða upp á heildarlausn í lífeyrismálum. Þannig geta sjóðfélagar verið með öll sín lífeyrismál á einum stað. Með þessu móti er tryggt að sjóðfélagar hafa góða yfirsýn yfir sín lífeyrismál og njóta faglegrar ráðgjafar hjá sjóðnum á meðan greitt er inn. Ekki síst þegar kemur að töku lífeyris og stilla þarf saman greiðslum úr sameignardeild og séreignardeild til þess að hver og einn njóti hámarks ávinnings af sínum lífeyrissparnaði.

Lífeyrissjóður verzlunarmana er langtímafjárfestir og er það sjónarmið lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins. Eignirnar eru ávaxtaðar með tilliti til þeirra kjara sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til varúðarsjónarmiða, áhættu og verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins. Ávoxtun á fyrrí árshelmingi 2003 samsvarar 8,3% ársraunávoxtun og veldur þar mestu góð afkoma innlendrar og erlendrar hlutabréfaeignar sjóðsins. Meðalraunávoxtun sjóðsins undanfarin 5 ár er 3,2%.

Af ofangreindu má ráða að Lífeyrissjóður verzlunarmana er álitlegur kostur sem vörsluaðili séreignarsparnaðar þar sem langtímafjárfestingastefna er höfð að leiðarljósi við ávoxtun eignasafnsins og rekstrarkostnaður er með því lægsta sem gerist eða aðeins 0,08% af eignum. ■

Lóðir undir orlofshús



Í síðasta VR blaði var auglýst eftir áhuga félagsmanna að leigja lóðir undir orlofshús á Stóra-Kambi á Snæfellsnesi en þar á VR land. Verði lóðanna verður stillt í hóf, þar sem hugsanlegt er að leigutakar lóða muni taka þátt í uppbyggingu og skipulagi svæðisins. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu VR. Áhugasamir eru beðnir um að skrá nafn sitt, kennitölu og símanúmer á www.vr.is eða hafa samband við Þjónustuver VR í síma 510 1700.

Vissir þú að...

...Það var ekki fyrr en árið 1974 að náðist samkomulag við vinnuveitendur um að á vinnustöðum væri lyfjakassi, rennandi vatn, vaskur og salerni!

...30. desember árið 1996 var samið í kjarasamningum um að sjóðfélögum í Lífeyrissjóði verzlunarmanna skyldi gefast kostur á að byggja upp frjálsan lífeyrissparnað hjá sjóðnum.

...Þriðjungur félagsmanna VR nennir ekki að baka smákökur fyrir jólin þetta árið skv. könnun sem gerð var á www.vr.is í síðustu viku nóvember. Ríflega helmingur bakar 1-5 sortir, nokkir baka 11-20 sortir. Það kemur ekki á óvart að aðeins 1 svaraði því til að hann bakaði 20 sortir eða fleiri!

Að rýna til gagns



Edda Björgvinsdóttir

Góður rómur var gerður að hádegisfyrilestri Eddu Björgvins leikkonu um gagnrýni sem haldinn var í nóvemberþyrjun. Það velti hún fyrir sér orðinu „gagnrýni” sem er neikvætt orð með jákvæða merkingu þ.e. „að rýna til gagns”. Þegar við fáum gagnrýni upplifum við oft skömmustutilfinningu innra með okkur og förum í vörn. Varnarkerfi okkar er gjarnan mjög öflugt og margslungið og við tínum til óteljandi afsakanir fyrir því að gagnrýnin hafi ekki átt rétt á sér. Sbr. „Ég get alveg tekið gagnrýni .. ef hún er borin fram á RÉTTAN hátt!” eða „Þetta er algjör misskilningur hjá þeim sem er að gagnrýna mig” og við erum með margar útskýringar sem leiða viðkomandi fyrir sjónir að hann sé á villigötum eða „Ég get tekið gagnrýni - en þetta er bara nöldur!” Allt þetta þekkjum við og þurfum ekki að fyrirverða okkur fyrir óttann sem framkallar vörnina því við höfum einfaldlega ekki „þjálfun” í erfiðum tjáskiptum.

| | | | | | | | | | | | | | | |
|------------------------------------|----------------|--------------------|-------------------------|-----------------------|----------------------------|------------------------|-----------------------------|--------------------------|-----------------------------|---------------------------|----------------------|-------------------|--------------------|-------------|
| | | ÁLFY | HREYSI | RÖDD | FISK-SPYRD-AN | SJÁVAR-DÝRID | DRJOL-AR | GED-BILAD-UR | YNDID | BLÓM-ANNA | DEKK-IR | UTAN | SÖDD | LÍREMUL-LEG |
| | DÁNAR DEGUR | | | | | | | 33 | | | PUKLA ÓSAM-STEDIR | 4 | | |
| | AUM-UUR | 5 | | | | | | FELAG-ANUM ILL-DEILAN | | | | | 51 | |
| | HINDR-AR | | | | | 2 | SLEIFIN | LÍT | | 39 | TÓNN DHREIN | | | |
| | FRUM-EFNI | | | | SVÍ-VIRÐA SKÝRA FRA | | | 26 | | TÖLU-STAFUR | | 42 | | |
| | ↓ ELD-STÆDI | SLOG | ROT-NÖGUÐ SKELIN | 8 | | SNÁD-INN ÆGIS-NÁLAR | | | | | FÁ-LEIK-ARNIR | | EFNIS-LÍTILL | 31 |
| HREMM-IR | | 32 | | BÝDUR BYRGINN | | FUGL-INN | | | | | STÖÐ SVALT | | 27 | |
| ANEGSU | | | 7 AFUND-IN VERK-FÆRI | | | | TIL HAMS-LAUS | | | KEYRA + GUD BÆKL-INUR | 45 | | SACBAN v GISTIR | |
| RÖLTA BER | | | 44 | | GLÁP MENN | | | | | JURT SVAR-DAGANN | | | 3 | |
| ENGIL-MÆN-UR | | 6 | | FADIR | 47 | | KRINKLAN TÖK LINDIR VIÐ | | | | | | BORD-HALDI | |
| GRAS | | 49 | TIL SÖLU IGERDIN | | | | HÉRAD FISKUR | 9 | | | | SUND TIL-DRÖGA | | |
| EYLDUR OPPREG- INDUM | | | | HÁS | VÖPN STÜLKVA 2 EINS | | 38 | | | 11 HAG-NÝTA GÆLU-NAFNS | | | | |
| MAGUR HUIT-RÖFAN | | | | TRUFL-AR URGUR | | 34 | | | GREINIR HLIFI | | PREP | | 10 | |
| GREIN-IR | | SOLINA | VERS-AR KROPP | 35 | | | | | MANNS-NAFNS SKEID-TÖLT | | | | GJALD-GENGT | 14 |
| START-AR- ANUM | | | | | 13 ÖNEFND-UR LITLAR | | | | | | | SMÁ-KORN | 29 | |
| ERF-IDAR | ↓ | 46 | | HÖFUD-BÖL STILFARI | | | | | | KLÆD-LAUS SKYLD | 28 | | | |
| KONA | | | KORLUR DEILA | | 16 | | LÍKAMSHLTANN HRYGG-DÝRIN | | | 43 | KVAD | KÚRDI ATLAGA | | |
| Á NÝSAN LEIK | | 1 | STRUN-SA HLUT-DEILD | | | | GRUNA | "FOTUR | REIFT TAUTAR | | | | | |
| ENDING SVEIKST UM AD META | | ÖÐU-SKEL TSÓNID | | | STÖR-FLTÖT LÍK-BRENNSLA | | | 12 BEISK-UR NEYTTU | | | | 15 FÆST VIÐ | | |
| FATEK- IR + AF- KVÆM- INU | ↓ | 20 | | | | 41 | | | | | | HEDA RÁFAR | | |
| TRIBB-AN | | | | | PRELKUN RÖDD SAURGI | | | 21 | TÍNIR DEGUR | | | | | 40 |
| HÁ-KARLA- BEITA | 18 | FOR-SKEYTI DRÓ | | FEEDA MYNNI | 48 | | NAUTID ÁKVEDA | | | | | | MÁLA-FYLGA | |
| VEIDAR- FÆRI | | | MANNS-NAFNS MÁLMUR | | | | PEN-INGAR BLÖTS | | | 52 | | 17 ELTA UPPI | | |
| SMA-IELIS YTNI | ↓ | 19 | | 37 STÖÐUR DÁSEMD | | | | | SAUR PARMAR HAND-SAMA | | | | | |
| DUFT- INU | 24 | | | FJALL HITI | | | | | | GUD MISK-UNN | | KYRDD ÆTI | | |
| TRAUM-KASTID | | | GAGN HVAÐ | 50 | BRAUT-IN GRÍPA | | | 25 | | PVER-TRÉ RÓMV.TALA | | | TVÍ HLJSÓÐI | |
| NERR- ANDI YNGL | | | SKOTT-ID | 36 | | | | 22 GRÆN-METI | | | PVOTT-UR | | | |
| BAR TIL BAKA | | | | | VENDI UM + PRÓTOTUR | | 30 | | | | | | | 23 |

Jólakrosssgáta



Verðlaun
kr. 12.000

Lausn krossgátunnar í nóvemberblaðinu var málshátturinn; „Gott er að vera í góðum hóp og gerast honum líkur“. Yfir þrjúhundruð lausnir bárust en hlutskörpust varð að þessu sinni **Björk Emilsdóttir** starfsmaður hjá Olíufélaginu ehf. á Suðurlandsbraut.

Hún hefur fengið verðlaunin kr. 8.000.

Þá er hér ný gáta til lausnar. Höfundur gefur þá vísbindingu að lausnina sé að finna í ljóði eftir Þorsteini Erlingssson. Síðasti móttökudagur lausna er 10. janúar nk. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja lausnum og skrifnið „krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á netfangið vr@vr.is

Kjör á forystu VR

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillingarnefnd tillögu um skipan í trúnaðarstöður félagsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til starfsmanns nefndarinnar, Elísabetar Magnúsdóttur á skrifstofu VR, einnig er hægt að senda erindið á uppstillingarnefnd@vr.is fyrir 22. desember 2003.

Uppstillingarnefnd mun stilla upp lista sem endurspeglar eins og hægt er félagið hvað varðar aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Kosið er um:

Formann, 7 meðstjórnendur og 3 til vara, 57 fulltrúa í trúnaðarráð og 25 til vara 2 skoðunarmenn reikninga og 2 til vara, 4 fulltrúa í stjórn Lífeyrisjóðs verzlunarmanna og 4 til vara.

Lyklaskápar í orlofshús



Um áramótin verða teknir í notkun lyklaskápar í orlofshúsum félagsins að Flúðum, Miðhúaskógi, Skyggnisskógi og í Húsafelli. Þetta er gert til hagræðis fyrir félagsmenn og umsjónarmenn orlofshúsanna því mikil aukning hefur orðið á því að félagsmenn leigi orlofshús í miðri viku og eru þá oft seint á ferð.

Inni í skápnum er annar lítill skápur með fjögurra númera stafalás og er rétta númerið prentað á samninginn sem afhentur var við greiðslu orlofshússins. Mjög einfalt er að opna lásinn. Tölurnar eru settar á lásinn, ýtt á hann, togað og þá opnast lásinn auðveldlega og lykillinn að húsinu blasir við. Inni í húsunum er glær plastvasi með blöðum fyrir dvalargesti að fylla út, ef þeir hafa einhverjar athugasemdir um dvöld sína í húsinu. Við brottför skal setja blaðið í umslagið og lykilinn í skápinn, svo einfalt er það. Umsjónarmenn verða áfram þeir sömu og ber að leita til þeirra ef eitthvað bjátar á.

Gott er að hafa vasaljós meðferðis því á þessum tíma ársins er auðvitað oft myrkur þegar komið er í orlofshúsið....

Vissir þú að...

Árið 1984 var fyrst samið um desemberuppbót.
Þá var hún aðeins kr. 1.500.

Færð þú
umsaminn
hvíldartíma
í desember?



Starf okkar
eflir
þitt starf